

Föstudaginn 13. nóvember 1970.

Nr. 247/1969. **Snorri Guðlaugsson**

(Sigurður Baldursson hrl.)

gegn

**Brynhildi Björgvinsdóttur**

(Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.).

**Dómenður:**

**hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.**

Búskipti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1969. Krefst hann þess, að við fjárskipti milli sín og stefnda vegna skilnaðar verði sér dæmt af óskiptu 29.93% af andvirði húseignarinnar Ásvegi 15 í Reykjavík og sami hundraðshluti í biðskýlisbyggingu þeirri við Dalbraut í Reykjavík, sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, að frádreginni 39.000.00 kr. skuld. Enn fremur krefst áfrýjandi þess, að dæmt verði, að í sinn hlut komi helmingur af þeim eignum búans, að frádregnum skuldum, sem þá verða eftir. Enn krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsaðiljar eru sammála um, að krafa áfrýjanda um 29.93% af óskiptu nemi kr. 380.020.00.

Bótafé það, sem áfrýjanda var dæmt með dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1956 og greint er í hinum áfrýjaða úrskurði, festi hann samkvæmt gögnum málsins í fasteignum, en ekki er þó til hlítar ljóst, hversu þeirri fjárfestingu var háttað. Áfrýjandi skildi ekki til, svo að sannað sé, þegar hann festi fé sitt í fasteignunum, að þær eða ígildi þeirra skyldi verða utan skipta, ef bú þeirra stefnda sætti skiptameðferð. Þegar af þessu og að öðru leyti með skírskotun til hins

áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta niðurstöðu hans. Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 5. desember 1969.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. f. m., er risið út af búskiptum málsaðilja vegna hjónaskilnaðar þeirra að borði og sæng, en skilnaðarmálið er til meðferðar hjá dómsmálaráðuneytinu.

Í upphafi voru kröfur sóknaraðilja þessar: *Aðallega*, að honum verði úrskurðuð í sinn hlut úr óskiptu búi þeirra hjóna 29.93% af eignum búins og auk þess 50% af þeim eignum, sem þá verða eftir í búinu. *Til vara*, að hann fái af óskiptu 29.93% af þeim eignum búins, sem sannanlega verða raktar til slysabóta, sem hann fékk greiddar samkvæmt dómi Hæstaréttar 13. febrúar 1956, og 50% af þeim eignum, sem þá verða eftir í búinu. *Til þrautavara*, að hann fái greiddar úr búinu af óskiptu kr. 136.957.60 auk hæstu innlánsvaxta hvers tíma frá 14. október 1951 til greiðsludags og helming þeirra eigna, sem eftir verða í búinu, þegar þessi krafa hefur verið greidd.

Málskostnaðar krefst sóknaraðili sér til handa, hvernig sem málið dæmist.

Við munnlegan flutning málsins lögðu umboðsmenn málsaðilja fram yfirlýsingu, dags. 28. október s.l., um, að þeir væru sammála um, að þær eignir í búi hjónanna, sem raktar verði til þeirra slysabóta, sem sóknaraðili fékk greiddar og síðar verður vikið að, séu eignarhluti búins í Ásvegi 15 og söluskýlisbygging við Dalbraut, hvort tveggja að frádregnum kr. 130.000.00 vegna skulda, sem á búinu hvíla.

Samkvæmt síðastrituðu breytti sóknaraðili kröfu sinni við munnlegan flutning málsins á þá lund, að honum yrði úrskurðað í sinn hlut af óskiptu búinu 29.93% af hluta búins í húseigninni nr. 15 við Ásveg og sami hundraðshluti af biðskýlisbyggingunni við Dalbraut, að frádregnum kr. 39.000.00 vegna þess hluta af skuldum búins, sem honum beri einum að greiða, ef krafa hans verður tekin til greina. Auk þess krefst hann í sinn hlut helming af þeim eignum búins, að frádregnum skuldum, sem eftir

verða, þegar framanritaðri kröfu hans hefur verið fullnægt. Málskostnaðarkrafa sóknaraðilja er óbreytt.

Kröfur varnaraðilja eru þær, að hrundið verði tilkalli sóknaraðilja um hluta af búinu óskiptu og að viðurkenndur verði réttur hennar til helmings hreinni eign búins óskertri. Hún krefst einnig málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Krafa um slit á hjónabandinu var lögð fyrir borgardómara 13. janúar 1969. Ekki náðist þar samkomulag um skipti á búi hjónanna, og var skilnaðarmálinu vísað til dómsmálaráðuneytisins 20. febrúar s.l. Með bréfi, dagsettu s. m., óskaði varnaraðili þessa máls uppskriftar á búinu. Uppskrift fór fram 6. marz og 1. apríl s.l. Með bréfi, dags. 12. marz 1969, vísaði dómsmálaráðuneytið búinu til meðferðar skiptaréttarins.

Aðiljar máls þessa gengu í hjúskap 14. október 1951. Um fjármál þeirra fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 1923. Þau hafa ekki með sér kaupmála.

Hinn 2. júní 1951 varð sóknaraðili fyrir slysi við störf sín um borð í b/v Jóni forseta, en þar var hann þá skipverji. Slysið leiddi til þess, að nema varð af honum hægri hönd ofan úlnliðs. Hann dvaldist eftir slysið á sjúkrahúsi til 2. ágúst 1951. Þegar slysið vildi til, voru málsaðiljar heitbundin og varnaraðili barnshafandi að eldri dóttur þeirra, sem fæddist 8. nóvember 1951. Í hjónaband gengu þau, sem fyrr greinir, 14. október s. á.

Vegna slysfara sinna höfðaði sóknaraðili mál á hendur útgerð b/v Jóns forseta með stefnu, útgefinni 15. maí 1952, til greiðslu skaðabóta vegna örorku, þjáninga og lýta, sem af slysinu hlutust. Var örorka sóknaraðilja vegna slyssins metin þannig:

Frá 2. júní til 2. ágúst 1951 100% örorka, frá 3. ágúst til 31. desember 1951 80% örorka og frá 1. janúar 1952 varanleg örorka 60%.

Á grundvelli þessa mats taldist sérfræðingi í tryggingarmálum svo til, að heildarverðmæti örorkutjóns sóknaraðilja, miðað við atvinnutekjur hans árin næstu fyrir slysið, næmi kr. 559.653.00. Þessi fjárhæð var höfð til hliðsjónar við dóm í málinu, en lækkuð nokkuð, m. a. sökum þess, að tryggingafræðingurinn hafði miðað útreikning sinn við lægri vexti en almennt tíðkast hér á landi. Niðurstaða héraðsdóms í bótamálinu varð sú, að stefnandi, þ. e. sóknaraðili máls þessa, fékk sér dæmdar örorkubætur að fjárhæð kr. 350.000.00 og vegna þjáninga og lýta kr. 40.000.00, eða samtals kr. 390.000.00. Þessi niðurstaða var staðfest með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 13. febrúar 1956.

Skömmu eftir að dómur Hæstaréttar féll, fékk sóknaraðili greiddar hinar dæmdu bætur. Af gögnum málsins verður ekki séð til hlítar, hvernig sóknaraðili varði bótafénu. Þó sést af skattskýrslum hans, að árið 1956 kaupir hann þann hluta, sem hann á enn, í húsinu nr. 15 við Ásveg ásamt hluta í annarri hús-eign, sem hann síðar seldi. Á árunum 1958 og 1959 byggir hann söluturn á mótum Dalbrautar og Kleppsvegar. Uppfrá því hefur hann haft atvinnu af að reka þar verzlun með gosdrykki, tóbak, sælgæti og ýmsan smávarning, sem tíðkast að selja á slíkum stöðum. Málsaðiljar eru sammála um, að uppistaðan í kaupverði þessara eigna sé runnin af bótafé því, sem rætt er um hér að framan, og miða raunar málf lutning sinn við það, að þetta séu einu eignir búans, sem raktar verði til bótafjárins.

Sóknaraðil hefur leitað á því álits tryggingafræðings þess, sem gerði áætlun um örorkubætur hans í sambandi við skaða-bótamálið, hve mikill hluti hins áætlaða vinnutekjutaps vegna örorkunnar megi teljast fyrir tímabilið frá slysdegi til 18. janúar 1969 og þar af leiðandi, hve mikill hluti örorkubótanna geti talizt óeyddur þann dag. Niðurstaða tryggingafræðingsins á dskj. nr. 7 er sú, að ef fjárhæð bótanna hefði í upphafi verið skipt á tvö tímabil fyrir og eftir 18. janúar 1969, þá teldust 70.07% bótanna fyrir tímabilið frá slysdegi til 18. janúar 1969, en 29.93% fyrir tímann upp frá þeim degi. Miðað er við 18. janúar s.l. sökum þess, að þá telst sambúð hjónanna hafa lokið.

Byggir sóknaraðili kröfu sína um, að honum verði greiddur ákveðinn hluti af eignum búans af óskiptu, svo sem um séreign væri að ræða, á því, að skaðabætur þær, sem hann hlaut vegna líkamsáverkans, sem lýst er hér að framan, séu svo persónulegs og sérstaks eðlis, að ekki sé réttmætt, að konan geti krafizt hlut-deildar í þeim, þegar til skipta kemur á búi hjónanna í lifanda lífi beggja, að svo svo miklu leyti sem féð sé bætur fyrir örorku hans á ókomnum tíma. Nú er samkomulag með málsaðiljum, að tvær ákveðnar eignir í búinu hafi áskotnast því sem andvirði bótafjár sóknaraðilja. Samkvæmt áliti tryggingafræðings, sem ekki hefur sætt andmælum, er gert ráð fyrir, að 29.93% af örorkubótafé sóknaraðilja séu bætur fyrir vinnutekjutap hans á ókomnum árum. Telur sóknaraðili í hæsta máta óeðlilegt, að konan geti við búskiptin gert tilkall til þessara verðmæta. Bendir hann á, að sóknaraðili hefði getað farið þá leið við heimtu bót-anna að krefjast örorkubótanna í tímabundnum greiðslum, t. d. árlega, í stað fyrirframgreiðslu í einni fjárhæð. Hefðu bæturnar

verið greiddar þannig í tímabilsgreiðslum, væru 29.93% þeirra ennþá ófallin í gjalddaga og mundi konan þá væntanlega ekki hafa getað krafizt hlutdeildar í þeim greiðslum við skipti á búi hjónanna. Sama eigi að gilda að tiltölu, þótt bótafjárhæðin hafi verið greidd í einu lagi.

Sóknaraðili hefur bent á, að réttarreglur um bótaábyrgð atvinnurekenda utan samninga séu svo nýtt fyrirbæri í íslenskum rétti, að þær hafi naumast þekkt, þegar lögin um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 1923 voru sett. Þess sé því ekki að vænta, að þau lög taki beina afstöðu til bótafjár af því tagi, og því sé eðlilegt, að um það myndist reglur samkvæmt eðli málsins, sem ekki eru beint tjáðar í löggjöfinni.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 1923 sé það meginregla, að við skipti á búi hjóna við hjúskaparslit geti hvort þeirra um sig krafizt helmings af hreinni hjúskapareign beggja hjónanna. Bótafé það, sem hér er um deilt, sé hjúskapareign mannsins, enda taki ákvæði 23. gr. laganna, sem séu tæmandi, að því er séreign varðar, ekki til þess. Hún bendir á, að tjón mannsins vegna slysfaranna sé ekki einungis persónulegur skaði hans, því að það snerti sameiginlegan fjárhag málsaðilja, að aflahæfi mannsins og þar með möguleiki hans til að afla búi sínu eigna, hafi rýrnað. Einnig hafi þetta snert hag varnaraðilja að því leyti, að hún hafi þurft að leggja meira að sér en ella vegna fötlunar mannsins og lifað hennar vegna við rýran kost þann tíma, sem leið, frá því að málsaðiljar hófu sambúð og þar til bótagreiðslan var innt af hendi.

Svo sem áður greinir, fer um fjármál málsaðilja samkvæmt lögum nr. 20 frá 20. júní 1923. Reglur 23. gr. þeirra laga um séreign koma hér ekki til greina, þar sem hvorki er kaupmáli með hjónunum né önnur tilvik, sem ákvæði greinarinnar eiga við. Skipti á búinu fara því samkvæmt 2. mgr. 18. gr., sbr. 17. grein laganna. Samkvæmt 17. gr. öðlast hvort hjóna um sig hjúskaparétt yfir öllu því, sem hinn á við giftinguna eða eignast síðar. Eigi annað hjóna réttindi, sem eigi má afhenda eða eru að öðru leyti persónulegs eðlis, koma reglurnar um hjúskapareign að svo miklu leyti til framkvæmda sem þær fara eigi í bága við þær sérreglur, sem um þau réttindi gilda. Ekki verður talið, að réttur sóknaraðilja varðandi bótafé sitt eða það, sem í stað þess hefur komið, sé svo persónulegs eðlis, að hann útiloki hjúskaparétt varnaraðilja til þess samkvæmt síðastgreindu lagaboði. Ekki

verður heldur talið, að aðrar reglur íslenzks réttar útiloki hjúskaparrétt varnaraðilja yfir fé þessu. Samkvæmt því verður að fara um skipti á öllum eignum í búi þessu eftir 1. málslið 2. málsg. 18. gr. laga nr. 20 frá 1923. Af því leiðir, að hvort hjóna um sig hlýtur við skiptin helming af samanlagðri hreinni hjúskapareign beggja hjónanna.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kvað upp úrskurðinn. Uppsögn hans hefur dregið vegna mikilla anna dómara við önnur embættisstörf.

#### Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja er ekki tekin til greina. Við skipti á búi málsaðilja, Snorra Guðlaugssonar og Brynhildar Björgvinsdóttur, skal farið með allar eignir búsins sem hjúskapareignir hjónanna, og koma þær, að skuldum frádregnum, til jafna skipta milli þeirra.

Málskostnaður falli niður.

---

Föstudaginn 13. nóvember 1970.

Nr. 49/1970. **Gestur Kristjánsson og Samvinnutryggingar**  
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

**Hafsteini Sigurðssyni og gagnsök**  
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,  
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann  
Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 3. marz 1970. Krefjast þeir þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 20.750.00 með 7% ársvöxtum frá